

Alþingi
Eriendi nr. 116 / 359
Kommunings 23/11 1992



SAMBAND
ÍSLENSKRA VIÐSKIPTABANKA

23. nóvember 1992

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis,
b/t Rögnu Árnadóttur, ritara,
Alþingi,
150 Reykjavík.

Efni: Viðbótarumsögn um frumvarp til laga um neytendalán.

Hinn 5. október sl. sendi Samband ísl. viðskiptabanka umsögn um ofangreint frumvarp og 21. október barst bréf frá þingnefndinni ásamt greinargerð frá iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu þar sem tekin er afstaða til helstu athugasemda sem borist höfðu um frumvarpið. Með vísun til samtals Stefáns Pálssonar og Sveins Jónssonar við formann nefndarinnar, og með hliðsjón af því að ekki hefur tekist að koma á fundi með nefndarmönnum og fulltrúum frá viðskiptabönkunum, fara hér á eftir viðbótarábendingar sem Samband ísl. viðskiptabanka telur nauðsynlegt að koma á framfæri við nefndina.

Gildissvið fyrirhugaðrar löggjafar.

Ef sú afstaða, sem fram kemur í áðurnefndri greinargerð iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins, nær fram að ganga munu lánveitingar viðskiptabankanna og annarra lánastofnana til neytenda falla undir löggin með þeim undantekningum sem fram koma í 2. gr.

Ákvæði frumvarpsins í þessari mynd, ef að lögum verða, munu valda aukinni fyrirhöfn við veitingu bankalána til neytenda. Að sjálfsögðu verður vart hjá því komist að rekstrarkostnaður sem af auknum kvöðum leiðir verði borinn af viðkomandi lántakendum.

Frágangur skuldabréfa, víxla og annarra lánskjala í bankakerfinu hér á landi, bæði varðandi lán til neytenda og annarra, er í lögbundnu eða gamalreyndu og stöðluðu formi. Jafnframt veita bankar og aðrar lánastofnanir hér á landi sundurliðaðar upplýsingar með ýmsum hætti um vexti og annan lántökukostnað. Form skuldaskjala, og upplýsingar sem bankarnir veita, hafa ekki gefið tífni til umkvartana frá lántakendum eða bankaeftirliti Seðlabankans sem annast opinbert eftirlit með starfsemi banka, sparisjóða og fleiri aðila á lánsfjármarkaðnum.

Með hliðsjón af þessu hlýtur sú spurning að vakna hvort ekki megi hjá því komast, enda þótt til aðildar að EES komi, að leggja framangreindar kvaðir á íslenska banka og aðrar lánastofnanir. Séu skuldbindingar okkar á þessu sviði ekki ótvíræðar hníga full rök í þá átt að lánveitingar fyrirtækja sem háð eru eftirliti bankaftirlits Seðlabankans, eða öðru sambærilegu opinberu eftirliti, verði undanþegnar þeim kvöðum sem hér eru til umræðu.

Ákvæði 3. og 9. gr. um tilkynningarskyldu.

Í áður nefndri greinargerð frá iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu er meðal annars sett fram tillaga um breytingar á 9. gr. frumvarpsins. Tillöguna verður að skilja á þann veg að í henni felist að 2. mgr. 9. gr. falli brott og þar með ákvæðið um að neytandi skuli "tilkynna lántakanda allar breytingar sem verða á árlegum nafnvöxtum eða öðrum liðum þegar breytingarnar verða".

Lánsamningar í formi yfirdráttarheimildar af tékkareikningi eru undanþegnir ákvæðum væntanlegra laga skv. 2. gr. en þó eru ákvæði í 3. gr. um upplýsingaskyldu vegna yfirdráttarlána. Ekki er ástæða til að hafa ríkari tilkynningarskyldu um lán sem falla utan við gildissvið laganna en lán sem lögin ná til. Þess vegna leggjum við til að c-liður frumvarpsins (sem orðinn er d-liður í tillögum ráðuneytisins) falli brott.

Í þessu sambandi verður að hafa í huga að skýrar upplýsingar um gildandi vexti koma bæði fram í afgreiðslum bankanna og í dagblöðum. Lántakendur eiga því mjög greiðan aðgang að upplýsingum um breytingar á vöxtum yfirdráttarlána eins og um breytingar á vöxtum annarra útlána bankanna og engin þörf er á að leggja nýjar skyldur á bankana um upplýsingagjöf um þetta efni.

Ákvæði 20. og 21. gr.

Í fyrri athugasemdum bankanna um efni þessara greina segir meðal annars: "Til þess að lánsamningar sem falla undir þetta frumvarp valdi ekki óvissu og glundroða í öllum viðskiptum með skuldabréf og önnur viðskiptabréf þurfa þeir að vera aðgreindir með svo skýrum hætti að vandalaust sé að greina þá frá öðrum viðskiptabréfum". Ekki er að sjá að tekið hafi verið tillit til þessara viðvarana.

Þær athugasemdir sem fylgja þessum mikilvægu frumvarpsgreinum eru mjög takmarkaðar og þar er ekki gerð grein fyrir því hvernig ákvæði þeirra falla inn í gildandi lagareglur og réttarvenju á þessu sviði. Í 2. mgr. athugasemda með 20. gr. segir: "Í skýringum við 9. og 10. gr. framangreindrar tilskipunar (þ.e. EB tilskipunar nr. 87/102) kemur fram að ákvæðið í 9. gr. hreyfir ekki við 10. gr. hvað varðar viðskiptabréfareglur. Lántakandi getur því þrátt fyrir 9. gr. misst rétt sinn gagnvart þriðja manni ef hann skrifar undir viðskiptabréf".

Með hliðsjón af þessu teljum við rétt og nauðsynlegt að 1. mgr. 20. gr. verði breytt í eftirfarandi horf:

Ef lánveitandi framselur kröfu, sem ekki er viðskiptabréf, til þriðja aðila getur lántakandi haldið uppi sömu mótbárum við hann og upphaflegan eiganda kröfunnar. Sama á við ef kröfuhafi hefur sett kröfuna að veði og fjárnám hefur verið gert í henni.

Á sama hátt teljum við rétt og nauðsynlegt að 4. mgr. (nú 3. mgr. ?) 20. gr. verði þannig:

Ef lántakandi á kröfu á hendur lánveitanda, sem jafnframt er seljandi, vegna kaupa, t.d. vegna galla, er framsalshafi meðábyrgur lánveitanda þar til uppgjör hefur farið fram, enda sé ekki um framsal viðskiptabréfs að ræða. Lánveitandi er þó ekki skyldugur að greiða meira en það sem hann hefur fengið greitt frá lántakanda.

Tekið skal fram þessu til viðbótar að við áttum okkur ekki á að orðalagið "er framsalshafi meðábyrgur lánveitanda" eigi við í þessu sambandi.

Í fyrri athugasemdum bankanna var bent á skekkju í þýðingu úr sænsku á 3. mgr. 20. gr. (nú 2. mgr.?) sem veldur því að málsgreinin fellur ekki með réttum hætti inn í efni greinarinnar. Í úrvinnslu ráðuneytisins hefur ekki verið tekið tillit þessarar ábendingar. Skekkjan felst í því að fallið hefur niður upphaf málsgreinarinnar sem er þannig í lauslegri þýðingu: "Kaupandi getur einnig borið það fyrir sig að hann hafi

innt greiðslu af hendi til seljanda eða komist að samkomulagi við hann". Vakin skal athygli á að sænsku ákvæðin ná einungis til þess sem á sænsku kallast "kreditköp". Einnig skal bent á að 2. mgr. 20. gr., sem væntanlega er fallin brott samkvæmt tillögu ráðuneytisins, er í sænska textanum upphaf málgreinar sem nær yfir efni 2. og 3. mgr. í þessu frumvarpi. Með tilvísun til framanritaðs er rétt og nauðsynlegt að ákvæði þessarar málgreinar nái ekki til viðskiptabréfa.

Efni 21. gr. er sérstaklega varhugavert og ekki verður tilgangur greinarinnar ljósari eftir breytingartillögur ráðuneytisins. Getur það til dæmis virkilega verið tilgangurinn að banna notkun víxla í bönkum að því er varðar þær lántökur sem frumvarpið nær til?

Eðlilegast væri, og að því er virðist í fullu samræmi til EB-tilskipunina, að falla frá banni við notkun tiltekinna lánsskjala en taka í staðinn upp ákvæði í þeim anda sem Verslunarráð Íslands lagði til (neytandi eigi aðgang að vátryggingu lánveitanda). Verði ekki á þetta fallist er eindregið lagt til að ákvæðinu verði breytt til samræmis við hliðstætt ákvæði í því sænska frumvarpi sem er fyrirmynd að mörgum ákvæðum þessa frumvarps en sænsku ákvæðin ná eingöngu yfir "kreditköp". Eftir slíka breytingu mundi frumvarpsgreinin vera sem hér segir ef byggt er á tillögum ráðuneytisins að öðru leyti:

Við sölu á vöru eða þjónustu er seljanda ekki heimilt að taka við víxli af neytanda sem greiðslu eða tryggingu fyrir greiðslu, sem við framsal getur valdið því að réttur neytanda til þess að halda uppi mótbárum glatast. Ekki er heldur heimilt að taka við ávísunum útgefnum af neytanda sem tryggingu fyrir greiðslu í þessu sambandi.

Virðingarfyllst,

SAMBAND ÍSLENSKRA VIÐSKIPTABANKA

